

Nr. 207

22. febrúar 2016

AUGLÝSING um breytingu á gjaldskrá fyrir fráveitugjald og tæmingu rotþróa í Sveitarféluginu Skagafirði, nr. 1206/2015.

1. gr.

5. gr. gjaldskrárinnar orðast svo:

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar 9. desember 2015 og staðfestist hér með, samkvæmt lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009, einkum 15. gr. og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum. Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

Gildistaka.

Auglýsing þessi um breytingu á gjaldskrá fyrir fráveitugjald og tæmingu rotþróa í Sveitarféluginu Skagafirði er samþykkt af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar 17. febrúar 2016 og staðfestist hér með, samkvæmt lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009, einkum 15. gr. og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum. Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Sauðárkróki, 22. febrúar 2016.

Ásta Björg Pálmadóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 9. mars 2016